



## Þroskaþjálfafélag Íslands

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 7. febrúar 2024

Mál 584

Efni: Umsögn Þroskaþjálfafélags Íslands um tillögu til  
**Þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027**

Þroskaþjálfafélag Íslands fagnar framkomnum hugmyndum við þingsályktunartillöguna um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks og vonar að hún verði afgreidd hratt í velferðarnefnd Alþingis. Mikilvægt er að eftir innleiðingu framkvæmdaáætlunarinnar að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur árið 2025, eins og kemur fram í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar.

Þroskaþjálfafélag Íslands hélt málþing 2. febrúar síðastliðinn með yfirskriftina; Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks - Vitundarvakning - horfum til framtíðar. Efnið stendur þroskaþjálfum nærri en markmið áætlunarinnar er að fatlað fólk fái notið fullra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við annað fólk þegar kemur að menntun, búsetu, atvinnu og sjálfstæðu lífi. Dagskrá ráðstefnunnar má sjá hér.

Þroskaþjálfar eru fagstétt sem sérstaklega hefur menntað sig til að starfa með fólki á öllum aldri sem býr við skerðingu. Sérstaða þroskaþjálfar er annars vegar víðtæk og hagnýt þekking á sviði stefnumótunar, skipulags og framkvæmdar heildrænnar þjónustu og hins vegar einstaklingsmiðuð þjónusta, óháð aldri og aðstæðum. Hugmyndafræði þroskaþjálfunar er grundvölluð í lögum, reglugerð og siðareglum þroskaþjálfar. Hún byggir m. a. á jafnrétti, virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og mannhelgi. Með þetta að leiðarljósi hafa þroskaþjálfar tekið þátt í að móta þjónustu og ryðja í burt hindrunum í samfélaginu í því skyni að bæta lífsskilyrði og lífsgæði fólks.

Þroskaþjálfar starfa á breiðum vettvangi s.s. í leik- og grunnskólum og á öðrum stofnunum sem veita fötluðu fólki þjónustu m.a. innan félagsþjónustu. Í 18. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 26. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er kveðið á um þær fagstéttir sem sveitarfélög skulu hafa á að skipa til starfa að verkefnum samkvæmt lögnum og eru þroskaþjálfar þar tilgreindir. Þroskaþjálfafélag Íslands vill árétta mikilvægi þess að reglugerðir ráðherra um hæfisskilyrði og menntunarkröfur tengiliða og málstjóra tilgreini þær fagstéttir sem best eru til þess fallnar að sinna þeim verkefnum sem kveðið er á um í lögnum og minnir á víðtæka og hagnýta þekkingu þroskaþjálfar á skipulagi og framkvæmd heildrænnar þjónustu með áherslu á einstaklinga og fjölskyldur.



## Þroskaþjálfafélag Íslands

Í lið A. Vitundarvakning og fræðsla, þar kemur fram að auka þurfi sýnileika fatlaðs fólks í samfélaginu og í almennri umræðu. Aðgerðir í þessum flokki snúi að því að auka meðvitund fatlaðs fólks sjálfs, almennings og fagfólks í ýmsum stéttum um stöðu og aðstæður fatlaðs fólks í samfélaginu. Jafnframt miði aðgerðir í þessum flokki að því að búa til námsefni og leiðbeiningar og miðla gögnum, upplýsingum og þekkingu um hagi fatlaðs fólks. Sérfræðingar eins og þroskaþjálfar hafa mikla þekkingu og reynslu í að stuðla að því að fatlað fólk njóti mannréttinda og mannfrelsis. Þroskaþjálfafélag Íslands telur mikilvægt að Þroskaþjálfafélag Íslands sé samstarfsaðili við innleiðingu á landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Þroskaþjálfafélag Íslands vill minna á grein 30 í samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þátttaka í menningarlífi, tómsunda, frístunda- og íþróttastarfi. Þátttaka í menningarlífi, tómsundum, frístundum og íþróttum skiptir miklu máli í lífi fólks. Rannsóknir eins og í Noregi hafa sýnt fram á að leggja þurfi mikla áherslu á þennan þátt hjá fólki með fötlun.

Virðingarfyllt f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands

Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður Þroskaþjálfafélags Íslands